

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps vegna Vesturbrúnar, íbúðarbyggðar ÍB3 á Flúðum.

Skipulagsstofnun staðfesti 20. október 2025 breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 sem samþykkt var í sveitarstjórn 18. september 2025.

Í breytingunni felst að íbúðarbyggð ÍB3 skiptist í tvennt, annars vegar hefðbundna íbúðarbyggð á lóðum 3-23, þar sem gert er ráð fyrir húsum á 1 hæð og nýtingarhlutfalli 0,4, og hins vegar 38 þjónustuíbúðum á 1-2 hæðum og félagsþjónustu fyrir aldraða á lóðum 2-20, þar sem heimild er fyrir bílakjallara. Nýtingarhlutfall lóða nr. 2-20 er 0,44 ofanjarðar en allt að 0,58 með bílakjallara. Stærð svæðis helst óbreytt, 2,6 ha.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 20. október 2025.*

**Ólafur Árnason.**

---

B deild - Útgáfudagur: 3. nóvember 2025